

## Klassískur gítar

„Klassíski gítarinn á sér um tvö hundruð ára sögu í þeirri mynd sem við þekkjum hann í dag. Fjölbreyttar tónbókmenntir hljóðfærisins spanna hins vegar lengri tíma því að lútu- og gítartónlist endurreisnar- og barokktímans er oft flutt á klassískan gítar.

Algengast er að gítarnemendur hefji nám við átta til tíu ára aldur þó dæmi séu um yngri nemendur. Í upphafi gítarnáms er nauðsynlegt að nemendur hafi hljóðfæri við sitt hæfi. Ungir nemendur ættu að nota gítar í barnastærð eða þar til gerða klemmu á háls hljóðfærisins.

Við tólf til þrettán ára aldur eiga flestir gítarnemendur að geta notað gítar í fullri stærð. Allir gítarnemendur ættu að eiga fótstig og nótnapúlt frá upphafi námsins. Mikilvægt er að nemendur sitji rétt með gítarinn og varist alla spennu í líkamanum.“

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*



- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).